
FUNDUR Í SKÓLARÁÐI SJÁLANDSSKÓLA 9. OKTÓBER 2019

MÆTTIR: EDDA BJÖG SIGURÐARDÓTTIR, SÆRÚN SIGURJÓNSDÓTTIR, TÓMAS ÞÓR, MARÍA KRISTÍN, BERGDÍS, GUÐRÚN DÓRA, ELFA HRÖNN FRÍÐRIKSDÓTTIR, ARNA

Þriðjudaginn 9. október kl. 14:00 kom skólaráð saman til 1. fundar ársins 2019 í Sjalandskóla.

FUNDARGERÐ

1. Dagskrá funda í vetur.

Edda Björg fór yfir og kynnti dagskrá vetrarins í skólaráði. Búið er að setja niður og boða fjóra fundi samtals yfir skólaárið. Hún kynnti hlutverk skólaráðs og tilgang. Skólaráð er lögbundið og fundargerð er birt á heimasíðu skólans.

2. Ytra mat menntamálastofnunar

Edda fór yfir niðurstöður menntamálastofnunar á ytra mati. Skólinn kom mjög vel út í ytra mati og almenn ánægja með niðurstöður. Flesta þætti sem gerðar voru athugasemdir við er auðvelt að laga. Kennarar eru þegar farnir að vinna að úrbótum og umbótaáætlun hefur verið send og samþykkt. Það sem þarf að efla er sýnileiki útikennslu í kennsluáætlunum. Þrengli í unglingsdeildinni verður gert að umfjöllunarefni

3. Skólapúlsinn

Farið var yfir fyrstu niðurstöður á Skólapúlsinum. Athugun var lögð fyrir í september og seinni hlutinn verður lagður fyrir eftir áramót. Tíðni eineltis hefur hækkað á milli ára og við höfum miklar áhyggjur af því og verður farið í úrbætur á því fljótt og vel að skoða málið, helstu ástæður, setja inn bekkjarfundi og vinna með verkfærakistu Kvan svo eitthvað sé nefnt.

4. Niðurstöður Rannsóknar og greiningar

Niðurstöður frá Rannsóknunum og greiningu eru í fyrsta skipti birtar fyrir skólann beint. Þær hafa hingað til verið birtar fyrir allan Garðabæ en núna fær hver skóli fyrir sig sínar niðurstöður. Sláandi niðurstöður voru hvað strákum á miðstigi leiðist mikið í skólanum. Það er verið að vinna með það í teymunum að námsefnið höfði betur til drengja. Það þarf að skoða betur hvaða þættir skipta máli og hver helstu orsök eru.

5. Skólabyrjunin

Það eru 302 nemendur í Sjúlandsskóla sem er 20 nemenda aukning. Það er ekki pláss fyrir fleiri nemendur á mið og unglíngastígi sökum þrengsla. Nemendur utan sveitafélags geta ekki fengið námsvist á þessu skólaári. Skólaárið fer hressilega af stað. Það er orðið þröngt um báða skólana þ.e. Sjúlandsskóla og Alþjóðaskólann. Húsnæðismálin leysast ekki fyrir en búið verður að senda út tilkynningu um deiliskipulag á nýjum skóla og kynna.

Edda óskaði eftir tveimur fulltrúum frá foreldrafélaginu og nemendum að koma inn í matsteymi sem er hluti af ytra mati Menntamálastofununar.

6. Aðgengismál

Bætt verður úr aðgengi utanaðkomandi aðila inn í skólann. Gestir verða beðnir um að gefa sig fram við ritara. Með þessu er verið að stoppa aðstandendur að hafa óhindrað aðgengi að nemendum og kennurum. Það hefur ekki komið nein lína frá bænum fyrir alla skólana en við ætlum að byrja að setja línur fyrir.

Fleira ekki gert.

Fundargerð ritaði:

Sesselja Þóra Gunnarsdóttir